



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

24. OKTÓBER 2007

FRÁ FORMANNI

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ FORMANNI 1**DNA-GREINING
HROSSA 2****FOLALDA-
SÝNING HS 2****KYNBÓTA-
SÝNINGAR Á
STARFSSVÆÐI
HS 2**

Ágætu félagsmenn.

Nú er vetrarstarfið að fara í gang og haustfundur framundan. Guðlaugur Antonsson, hrossaræktar-ráðunautur BÍ, verður frummælandi fundarins.

Hann mun væntanlega fjalla um sýningarhaldið í sumar og ákvarðanir Fagráðs varðandi komandi landsmót. Vænst er góðrar mætingar til að skiptast á skoðunum um málefni greinarinnar og ræðu framsögumanns.

Aðalfundur Félags hrossabænda verður 9. nóvember og er því gott tækifæri til að nestu fulltrúa HS með tillögur til aðalfundarins. Folaldasýning HS verður síðan laugardaginn 3. nóvember. Ákveðið var að hafa sýninguna á miðjum degi til að gera hana fjölskylduvænni og er vonandi að börnum gefist tækifæri til að taka þátt í leiknum með okkur.

Samstarfssamningur HS og Lbhí, sem gengið var frá nú á dögunum, gerir ráð fyrir samstarfi á sviði fræðslu og rannsóknna. Þegar er ákveðið að halda námskeið í byggingadómum um miðjan febrúar á næsta ári. Námskeiðin verða á tveimur stöðum á félags-svæðinu, á Suðurlandi og á Reykjavíkursvæðinu. Þau verða niðurgreidd fyrir félagsmenn HS og ganga þeir fyrir en aðrir mega taka þátt ef

pláss leyfir. Gert er ráð fyrir að vera með liðlega 20 þátttakendur á hvoru námskeiði og þau verði á laugardegi og sunnudegi frá kl. 9–17. Náms-

skeiðin verða auglýst nánar síðar. Námskeið í byggingadómum voru valin því að mikill meirihluti þeirra er þátt tóku í skoðanakönnuninni nefndu byggingadóma sem fyrsta kost.

Varðandi styrk til rannsóknarverkefnis sem gert er ráð fyrir að verði námsverkefni nemenda skólans, þá hefur það ekki verið full mótað. Nefnt hefur verið að fyrsta verkefni yrði vinnsla úr þeim gögnum sem safnað hefur verið með starfsemi sæðingastöðvarinnar, til að auka þekkingu á frjósemi hrossastofnsins.

Gengið hefur verið frá sölu sæðistökuhússins í Gunnarsholti til ríkisins. Kaupverðið var samkvæmt mati rúmar 13,5 millj. kr. Samhliða féll úr gildi leigusamningur um stóðhestastöðina. Með sölnni er lokið merkri tilraun í íslenskri hrossarækt sem skilað hefur þekkingu sem nauðsynlegt er að draga lærdóm af. Þeim sem leiddu þetta hugsjónastarf eiga heiður skilinn. Sérstaklega er þeim ágætu mönnum hjá Dýralæknáþjónustu Suðurlands þakkað fyrir ánægjulegt samstarf með von um að þeir hagnýti vel þá þekkingu sem aflað var, greininni til heilla. Hrossaræktarsamtökin standa nú með nokkra fjármuni í höndum sem mikilvægt er að nýta til eflingar félagsstarfsins í framtíðinni. Besta leiðin til þess er að skerða ekki höfuðstólinn heldur nýta ávöxtun hans til að sinna betur þörfum hins almenna félagsmanns. Stjórn félagsins mun væntanlega leggja fram tillögur um þetta efni á næsta aðalfundi félagsins.

Lifið heil,

Hrafnkell Karlsson



Hrafnkell Karlsson, formaður HS, og Ágúst Sigurðsson, rektor Lbhí, við undirritun samnings HS og Lbhí.

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í **Pingborg fimmtudaginn 1. nóvember og hefst kl. 20:00**. Guðlaugur Antonsson hrossaræktar-ráðunautur BÍ verður með framsögu á fundinum.

Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum. Kaffi og meðlæti í boði samtakanna.

**Fundargerðir
HS eru birtar
á www.bsssl.is**

DNA- GREINING HROSSA

Rétt er að minna ræktendur á að til þess að folöld fædd 2007 fái A-vottun verður að liggja fyrir sönnun á ætterni. Það er því mikilvægt að þeir sem vilja tryggja sér þessa vottun láti taka DNA- sýni úr folöldum og mæðrum þeirra hafi það ekki þegar verið gert. Búið er að DNA- greina stóran hluta sýndra stóðhesta og í vor var það eitt af skilyrðum fyrir því að stóðhestar 5 vetra og

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Tímagjald fyrir sýnatöku og frágang sýna 3.000 kr/klst + vsk

Komugjald 2.100 + vsk

Greining á sýni 1.750 kr + vsk

Sýnaglas 250 kr + vsk

Örmerking 2.000 kr + vsk

eldri fengju dóm að búið væri að taka stroksýni til DNA-greiningar. Þeir ræktendur sem eiga stóðhestsefni eða stóðhesta sem ekki hefur verið tekið stroksýni úr eru hvattir til að taka þátt í þessu verkefni.

Aðgerðin er einföld, tekið er stroksýni úr nös með nokkurs konar eyrnápinna og það síðan sent til greiningar hjá líftæknifyrirtækinu Matis ofh/

Prokaria. Niðurstöður DNA- greiningar eru síðan lesnar inn í Worldfeng að lokinni greiningu. Ekki er tekið sýni úr hrossum nema þau séu einstaklingsmerkt, þ.e. ör- eða frostmerkt.

Þeir sem hafa hug á að nýta sér þessa þjónustu er bent á að hafa sem fyrst samband við Búnaðarsamband Suðurlands í síma 480-1800 eða senda tölvupóst á netföngin halla@bssl.is eða petur@bssl.is.

FOLALDASÝNING HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Árleg folaldasýning samtakanna fer fram í Ölfus-höllinni **laugardaginn 3.nóvember n.k. kl.14:00**

Upplýsingar og skráning er í síma 8661230 og/ eða odinn@bssl.is

Skráningarfrestur er til 31.október n.k.

Miðaverð kr.1500 en frítt fyrir yngri en 16 ára

Heiðurshryssa Suðurlands og afreksknapi Suðurlands heiðruð.

Mörg af falletustu folöldum landsins koma þar fram.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

KYNBÓTASÝNINGAR Á STARFSSVÆÐI HS

Á Sörlastöðum í Hafnarfirði voru haldnar tvær kynbótasýningar í vor og á Gaddstaðafötum voru að venju tvær sýningar, að vori og síðsumars. Alls voru á þessum sýningum sýnd 950 hross. Á landinu öllu voru dæmd 1.305 hross. Hross dæmd á Fjórðungsmóti Austurlands eru ekki með í þeirri tölu en þar voru dæmd 36 hross. Stærsti hluti dæmdra hrossa kemur til sýningar á félagssvæði HS eða 73%.

Á fyrri sýningunni á Sörlastöðum voru dæmd 108 hross, þar af náðu 28 aðaleinkunn 8,00 eða meira. Á seinni sýningunni á Sörlastöðum voru dæmd 335 hross þar af náðu 103 aðaleinkunn 8,00 eða yfir. Á vorsýningunni á Gaddstaðafötum komu einungis 247 hross til dóms sem er óvenju lítið og þar náðu 80 hross aðaleinkunn 8.00 eða meira.

Sýningarstaður	Fulln. dómur	Bygg. dómur	Alls	Aðaleinkunn 8,00 >	Hlufall í 8,00 >
Sörlastaðir I	59	9	68	17	29%
Sörlastaðir II	212	26	238	66	31%
Gaddstaðaflatir	137	25	162	41	30%
Síðsumars. Gaddst.fl.	207	34	241	27	13%
SAMTALS	615	94	709	151	25%

Sýningarstaður	Fulln. dómur	Bygg. dómur	Alls	Aðaleinkunn 8,00 >	Hlufall í 8,00 >
Sörlastaðir I	25	13	38	11	44%
Sörlastaðir II	73	23	95	37	51%
Gaddstaðaflatir	63	19	82	39	62%
Síðsumars. Gaddst.fl.	12	4	16	3	25%
SAMTALS	173	59	232	90	52%

Síðsumarsýning á Gaddstaðafötum varð sú stærsta til þessa en þar hlutu 260 hross dóm og náðu 30 aðaleinkunn 8,00 og yfir. Segja má að styrkleiki hrossa hafi verið mjög svipaður á vorsýningunum en mun lakari á síðsumarsýningunni eins og sjá má í töflum 1 og 2.

Við erum á vefnum

Www.bssl.is